

**Sþ.**

**507. Tillaga til þingsályktunar**

[170. mál]

um framkvæmdaáætlun um skógrækt.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fyrir næsta reglulegt Alþingi undirbúa áætlun um framkvæmdir í skógrækt næstu fimm ár, miðaða við það fjármagn, er ríkisstjórnin telur auðið að verja til skógræktar á þessu tímabili.

**Greinargerð.**

Vegna mikillar aukningar á plöntuframleiðslu í gróðrarstöðvum skógræktar ríkisins hefur fjárbörf skógræktarinnar vaxið mjög síðustu árin. Hafa fjárveitingar, tekjur landgræðslusjóðs og framlög skógræktarfélaganna ekki hrokkið til að kosta gróðursetningu þeirra trjáplantna, sem til ráðstöfunar hafa verið til gróðursetningar. Urðu forráðamenn skógræktarinnar í fyrra að gera sérstakar ráðstafanir til fjáröflunar, og við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1960 var samþykkt þriðjungshækkun á álagi því á tóbaksvörur, sem rennur til landgræðslusjóðs. Hafa því fjárveitingar til skógræktarinnar hækkað verulega á þessu ári.

Engu að síður má gera ráð fyrir áframhaldandi fjárhagsörðugleikum skógræktarinnar, nema gerð verði framkvæmdaáætlun til nokkurra ára, er tryggji samræmi milli framkvæmda og fjáröflunar.

Tillaga þessi er flutt í samráði við skógræktarstjóra. Kemst hann svo að orði í bréfi til fjárveitinganefndar um nauðsyn framkvæmdaáætlunar:

„Skógrækt hefur aukizt hröðum skrefum hér á landi hin síðari ár. Á 10 árum hefur tala gróðursettra trjáplantna tífaldast og er nú milli 1 og 1.5 milljón plöntur ár hvert. Eru það aðallega barrtrjáplöntur, og hin árlega gróðursetning tekur nú yfir um 200 hektara lands.

Árið 1957 var gerð skógræktaráætlun til 5 ára, en henni var lítið sinnt, og sakir breytinga á verðlagi og kaupgjaldi og af fleiri ástæðum þarf að breyta henni mjög.

Sakir þess, hve langur tími líður frá sáningu til uppskeru í skógrækt, er miklu meiri nauðsyn, að farið sé eftir frambúðaráætlun við slíka ræktun en alla aðra, þar sem breyta má um ræktunaraðferðir á árs fresti.

Við athugun á starfsemi gróðrarstöðvanna hér og skógræktinni í heild hefur komið í ljós, að það verður að miða alla starfsemina við eitthvert ákveðið plöntumagn um nokkur ár í senn, til þess að sem beztur árangur fái fyrir fé það, sem til skógræktar er varið.

Reynsla undanfarinna 60 ára hefur sýnt, að hér er unnt að framleiða timbur og við. Viðarnotkun þjóðarinnar kostar ár hvert ísbyggilegar fjárhæðir, eða um 10% af öllum innflutningi landsins, og því er full ástæða til að gera allt, sem unnt er, til að koma upp timburskógum í landinu.“